


Gravatar.com þjónustan

Leiðbeiningar eftir Tryggva Björgvinsson


Leiðbeiningarnar eru gefnar út undir Creative Commons Attribution Share Alike. Gjörðu svo vel!

Gravatar.com er þjónusta sem leyfir þér að hlaða upp mynd á einni vefsíðu sem er svo notuð sjálfkrafa á öðrum vefsíðum. Þegar þú hefur hlaðið upp mynd af þér mun sú mynd birtast í hvert skipti sem þú skrifar eitthvað á vefsíður sem styðja Gravatar.com. Vefsíðurnar finna myndina með hjálp af tölvupóstfanginu þínu. Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um það hvernig þú getur hlaðið upp mynd af þér á Gravatar.com


Sláðu inn vefslóðina <http://gravatar.com> í vafra til að komast á upphafssíðu Gravatar.



Úr fellivalmyndinni „Log In / Sign up“ veldu „Sign Up“ til að nýskrá þig á Gravatar síðunni. Seinna meir getur þú notað „Log In“ til að skrá þig inn og breyta myndinni af þér.



Sláðu inn tölvupóstinn þinn í reit merktan „Email:“ og ýttu á takka fyrir neðan sem á stendur „Signup“.



Vefsíðan sendir þér svo tölvupóst. Farðu í tölvupóstforritið þitt og lestu tölvupóstinn frá Gravatar. Sá tölvupóstur byrjar á texta eins og eftirfarandi:


Welcome to Gravatar!

To activate your account, simply click on the link below or paste into the url field on your favorite browser:

<http://en.gravatar.com/accounts/activate/minn%40tolvupostur.is/1478a88f11>

Smelltu á fyrstu vefslóðina sem byrjar á <http://en.gravatar.com/accounts/activate...> í tölvupóstinum frá Gravatar.

Þá færist þú yfir á vefsíðu (kannski þarftu að finna vafrann aftur) þar sem þú þarft að stimpla inn notandanafn og lykilorð sem þú getur notað í framtíðinni til að breyta um mynd.



The screenshot shows a Mozilla Firefox browser window with the title "Gravatar - Globally Recognized Avatars - Mozilla Firefox". The address bar shows the URL "http://en.gravatar.com/accounts/activate/tryggvi.bjorgvinsson%40mm.is/997837". The page content includes the heading "Finish creating your account by choosing your finishing touches!". Below this, there is a paragraph explaining the username requirements: "Choose your Gravatar username, using only lowercase letters and numbers. This will be used in your profile page address, so choose something other folks might recognize you as. As an added bonus you will be able to log into WordPress.com using this username! Finally choose a password, and once we make sure that your username is available for use you'll be all set! **Please only use lowercase letters and numbers, no spaces or punctuation**". The form fields include "Email:" with the value "minn@tölvupóstur.is", "Username:" with the value "notendanafn" and a "check" button, and "Password:" and "Password (again):" fields with masked characters. A green message "notendanafn is available" is displayed below the username field. A "Signup" button is at the bottom of the form.

Applications Places System Tue Oct 19, 9:10 AM tryggvi

Gravatar - Globally Recognized Avatars - Mozilla Firefox

File Edit View History Bookmarks Tools Help

http://en.gravatar.com/accounts/activate/tryggvi.bjorgvinsson%40mm.is/997837/ Google

Most Visited Getting Started Latest Headlines

Gravatar - Globally Recognized...

Finish creating your account by choosing your finishing touches!

Choose your Gravatar username, using only lowercase letters and numbers. This will be used in your profile page address, so choose something other folks might recognize you as. As an added bonus you will be able to log into WordPress.com using this username! Finally choose a password, and once we make sure that your username is available for use you'll be all set! **Please only use lowercase letters and numbers, no spaces or punctuation**

Email: minn@tölvupóstur.is

Username: notendanafn

notendanafn is available

Your Username will be permanent, choose wisely.


Password:

Password (again):

Gravatar - Globally Rec...

Sláðu inn notandanafnið og lykilorðið (þú þarft að slá inn lykilorðið tvisvar). Notandanafnið gæti verið frátekið. Þegar þú hefur slegið inn notandanafnið getur þú smellt á takka sem á stendur „check“ til að athuga hvort það sé frátekið eða ekki. Ef það er frátekið verður þú að velja annað. Ef ekki getur þú smellt á takkann sem á stendur „Signup“.


Því næst færist þú yfir á þína yfirlitssíðu. Síðan lætur þig vita að þú hafir ekki hlaðið upp mynd af þér með línunni:
Whoops, looks like you don't have any images yet! [Add one by clicking here!](#)



Smelltu á „Add one by clicking here!“


Þá sérðu valmynd sem leyfir þér að velja hvaðan þú vilt hlaða upp myndinni:

- 1. Beint af tölvunni þinni**
- 2. Af vefsíðu**
- 3. Með vefmyndavél sem er tengd við tölvuna þína**
- 4. Nota mynd sem þú hefur hlað upp áður**



Það er líklegt að þú viljir hlaða upp mynd beint af tölvunni þinni.


Ef þú ert með myndina af þér á tölvunni, smelltu þá á þann valkost og þú færist yfir á síðu þar sem þú getur fundið skrána með því að ýta á „Browse“ og velja myndina í skráarkerfinu þínu. Þegar þú hefur valið myndina og slóðin að myndinni er sýnd í reitnum sem er merktur „File“ ýtirðu á takkann sem á stendur „Next“.




Á næstu síðu þarft þú svoa að velja hvaða hluta af myndinni þú vilt nota. Til þess þarftu að færa og minnka kassa á stærstu myndinni þannig að andlitið þitt sé í kassanum. Til hliðar geturðu séð endanlegu útkomuna. Þegar þú hefur fundið andlitið þitt ýtirðu á takkann „Crop and Finish“ sem er staðsettur fyrir neðan stærstu myndina.



Svo þarftu að velja á hvernig síðum myndin má birtast (hvort hún sé óviðeigandi eða ekki). G þýðir að myndin er barnavæn og má þar af leiðandi birtast á öllum síðum.



Núna ættirðu að sjá myndina þína á yfirlitssíðunni þinni.



Þá er þetta komið. Þú getur núna skráð þig út. Við hlökkum til að sjá andlitið á þér á vefsíðum veraldarvefsins.

